

Fundargerð 294. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 5. mars 2024
Fundartími: 16:00-18:30
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við fundargerð 6. fundar landbúnaðar- og atvinnumálanefndar undir lið 10 f). Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir skipulagsnefndar

Nr. 274, dags. 14.02.2024

a) **Þingdalur land L203007; Þingsæti; Breytt heiti lóðar – 2310062**

Lögð fram, að nýju, beiðni um breytt staðfang landeignarinnar Þingdalur land L203007. Óskað er eftir að landið fái heitið Þingsæti.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja breytt staðfang landeignar í samræmi við umsókn.

Fyrir liggur, að nýju, beiðni um breytt staðfang landeignarinnar Þingdalur land L203007. Óskað er eftir að landið fái heitið Þingsæti. Staðfangið er ekki þegar að finna innan Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að breytt staðfang landeignarinnar Þingdalur land L203007 verði Þingsæti í samræmi við umsókn.

Samþykkt með 5 atkvæðum

b) **Efri-Sýrlækur L166327; Breytt afmörkun og stofnun 5 lóða – 2402015**

Lögð er fram umsókn um landskipti sem taka til jarðarinnar Efri-Sýrlæk L166327 í Flóahreppi. Í umsókninni felst að jörðinni er skipt í 6 hluta. Fyrir skipti er stærð jarðarinnar 207,5 ha. Efri-Sýrlækur upprunalandið, L166327 verður hólminn út í ánni, svokölluð Sýrlækjarbót og verður 41,8 ha eftir breytingu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess að afgreiðslu málsins verði frestað.

Skipulagsfulltrúa falið að yfirfara tillöguna m.a. m.t.t. heimilda aðalskipulags er varðar landskipti á landi í flokki I og II. Auk þess bendir nefndin á að skipting sumarhúsalóða er í ósamræmi við gildandi deiliskipulag þeirra.

Fyrir liggur umsókn um landskipti sem taka til jarðarinnar Efri-Sýrlæk L166327 í Flóahreppi. Í umsókninni felst að jörðinni er skipt í 6 hluta. Fyrir skipti er stærð jarðarinnar 207,5 ha. Efri-Sýrlækur upprunalandið, L166327 verður hólminn út í ánni, svokölluð Sýrlækjarbót og verður 41,8 ha eftir breytingu.

Sveitarstjórn Flóahrepps frestar málinu. Skipting sumarhúsalóða er ósamræmi við gildandi deiliskipulag þeirra. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að yfirfara tillöguna m.a. m.t.t. heimilda aðalskipulags er varðar landskipti á landi í flokki I og II.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) **Vestur-Meðalholt L165513; Íbúðarbyggð; Deiliskipulag – 2311079**

Lögð er fram, eftir kynningu, tillaga deiliskipulags sem tekur til nýs íbúðarsvæðis landi Vestur-Meðalholt í Flóahreppi. Skipulagssvæðið er staðsett suðaustan við Selfoss, milli Gaulverjabæjarveggar og íbúðarbyggðar í Rima, og er um 20 ha að stærð. Aðkoma er um nýja vegtengingu frá Önundarholtsvegi. Á skipulagssvæðinu eru afmarkaðar 17 lóðir. Stærð lóða er frá 7.499 m² til 21.938 m² og er nýtingarhlutfall

lóða skilgreind að hámarki 0,05. Byggingarreitir innan skipulagsins eru merktir B1-B2-B3 og gilda mismunandi heimildir innan þeirra. Innan lóða er almennt heimilt að byggja íbúðarhús, bílskúr og gestahús auk þess sem heimildir eru fyrir skemmu og gripahúsi. Athugasemd og umsagnir bárust á kynningartíma málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulagsbreytingar sem auglýst verður samhliða.

Fyrir liggur, eftir kynningu, tillaga deiliskipulags sem tekur til nýs íbúðarsvæðis í landi Vestur-Meðalholta í Flóahreppi. Skipulagssvæðið er staðsett suðaustan við Selfoss, milli Gaulverjabæjarveggar og íbúðarbyggðar í Rima, og er um 20 ha að stærð. Aðkoma er um nýja vegtengingu frá Önundarholtsvegi. Á skipulagssvæðinu eru afmarkaðar 17 lóðir. Stærð lóða er frá 7.499 m² til 21.938 m² og er nýtingarhlutfall lóða skilgreind að hámarki 0,05. Byggingarreitir innan skipulagsins eru merktir B1-B2-B3 og gilda mismunandi heimildir innan þeirra. Innan lóða er almennt heimilt að byggja íbúðarhús, bílskúr og gestahús auk þess sem heimildir eru fyrir skemmu og gripahúsi. Athugasemd og umsagnir bárust á kynningartíma málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulagsbreytingar sem auglýst verður samhliða.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Vestur-Meðalholt L165513; Ný íbúðarbyggð í dreifbýli; Aðalskipulagsbreyting – 2302029**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar er varðar Vestur-Meðalholt í Flóahreppi eftir kynningu. Í breytingunni felst breytt skilgreining landbúnaðarlands í íbúðarbyggð. Alls er um allt að 20 hektara svæði að ræða fyrir allt að 20 íbúðarlóðir. Lóðirnar geta hver um sig verið 1 til 3 ha og gert verður ráð fyrir rúmum byggingarheimildum. Innan lóða er gert ráð fyrir heimildum til garðræktar, skógræktar, kolefnisbindingar, takmarkaðs búfjárhalds eða minni háttar atvinnustarfsemi, þ.e.a.s. vinnustofur, gallerý eða gisting í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Vestur-Meðalholts verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar. Nýtt deiliskipulag fyrir svæðið verði auglýst samhliða.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar er varðar Vestur-Meðalholt í Flóahreppi eftir kynningu. Í breytingunni felst breytt skilgreining landbúnaðarlands í íbúðarbyggð. Alls er um allt að 20 hektara svæði að ræða fyrir allt að 20 íbúðarlóðir. Lóðirnar geta hver um sig verið 1 til 3 ha og gert verður ráð fyrir rúmum byggingarheimildum. Innan lóða er gert ráð fyrir heimildum til garðræktar, skógræktar, kolefnisbindingar, takmarkaðs búfjárhalds eða minni háttar atvinnustarfsemi, þ.e.a.s. vinnustofur, gallerý eða gisting í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Vestur-Meðalholta í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar. Nýtt deiliskipulag fyrir svæðið verði auglýst samhliða.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) **Hjálmholt lóð L211050; Hjálmholtsnáma í Merkurhrauni; Deiliskipulag – 2402021**

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til efnistökusvæðis E6. Tillagan tekur til Hjálmholtsnámu sem er staðsett í Merkurhrauni á lóð úr landi Hjálmholt (L211050) við Skeiða- og Hrunamannaveg, um tvo km ofan Þjóðveggar 1. Efni hefur verið unnið í Hjálmholtsnámu frá því um 1980 og er núverandi stærð námunnar um 12 ha. Efni úr námunni er aðallega nýtt í húsgrunna og vegaframkvæmdir á Suðurlandsundirlendinu. Til stendur að vinna allt að 150.000 m³ á allt að 25 ha svæði í samræmi við gildandi aðalskipulag Flóahrepps.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til efnistökusvæðis E6. Tillagan tekur til Hjálmholtsnámu sem er staðsett í Merkurhrauni á lóð úr landi Hjálmholt (L211050) við Skeiða- og Hrunamannaveg, um tvo km ofan Þjóðveggar 1. Efni hefur verið unnið í Hjálmholtsnámu frá því um 1980 og er núverandi stærð námunnar um 12 ha. Efni úr námunni er aðallega nýtt í húsgrunna og vegaframkvæmdir á Suðurlandsundirlendinu. Til stendur að vinna allt að 150.000 m³ á allt að 25 ha svæði í samræmi við gildandi aðalskipulag Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) **Hraungerði L166237; Þinghús; Skilgreining lóðar og byggingarheimilda; Deiliskipulag – 2308032**

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til landskika úr landi Hraungerðis L166237 eftir auglýsingu. Deiliskipulag þetta tekur til nýrrar lóðar sem stofnuð verður úr jörðinni. Nýja lóðin kemur til með að bera heitið Þinghús eftir gamalli þinghúsatóft sem er innan skipulagssvæðisins. Á svæðinu verður heimild til að byggja íbúðarhús, gestahús, bílskúr og/eða skemmu eða önnur útihús. Núverandi metangasstöð sem staðsett er í Hraungerði verður flutt vestur yfir Oddgeirshólaveg og verður starfrækt innan nýrrar lóðar Þinghúsa. Umsagnir og athugasemdir bárust við auglýsingu tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt viðbrögðum og andsvörum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Walter Fannar vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til landskika úr landi Hraungerðis L166237 eftir auglýsingu. Deiliskipulag þetta tekur til nýrrar lóðar sem stofnuð verður úr jörðinni. Nýja lóðin kemur til með að bera heitið Þinghús eftir gamalli þinghúsatóft sem er innan skipulagssvæðisins. Á svæðinu verður heimild til að byggja íbúðarhús, gestahús, bílskúr og/eða skemmu eða önnur útihús. Núverandi metangasstöð sem staðsett er í Hraungerði verður flutt vestur yfir Oddgeirshólaveg og verður starfrækt innan nýrrar lóðar Þinghúsa. Umsagnir og athugasemdir bárust við auglýsingu tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt viðbrögðum og andsvörum.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að það taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð

Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna.

Samþykkt með 3 atkvæðum.

Walter Fannar Kristjánsson og Hjalti Guðmundsson véku af fundi við afgreiðslu málsins.

g) **Brennuhóll L235139; Byggingarheimild; Geymsla – 2401068**

Móttækin er umsókn þ. 29.01.2024 um byggingarheimild fyrir 37,6 m² geymslu á sumarbústaðalandinu Brennuhóll L235139 í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd UTU bendir á að samkvæmt kröfum 5.3.2.5. gr. skipulagsreglugerðar í lið d skal ekki utan þéttbýlis staðsetja íbúðar- eða frístundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Aðrar byggingar skal ekki staðsetja nær stofn- og tengivegum og öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Heimilt er að víkja frá þessum ákvæðum þegar um er að ræða verslunar- og þjónustubyggingar. Að mati nefndarinnar telst umsótt bygging til annarra bygginga í skilgreiningu reglugerðarinnar en þó ekki til verslunar- og þjónustubygginga og ætti því að vera staðsett í það minnsta í 50 metra fjarlægð frá skilgreindum héraðsvegi. Nefndin bendir þó á að fyrir liggur undanþága vegna fjarlægðar frá Arnarhólsvegi vegna tveggja íbúðarlóða í landi Syðri-Gegnishóla þar sem byggingarreitir eru skilgreindir í 30 metra fjarlægð frá vegi. Auk þess eru öll hús að Syðri-Gegnishólum töluvert nær vegi nú þegar. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að horfa til þess við útgáfu byggingarheimildar vegna umsóttar geymslu að nú þegar hefur verið veitt heimild fyrir uppbyggingu nær vegi fyrir íbúðarhús á grundvelli undanþágu innviðaráðuneytisins frá 1. september 2022. Mælist nefndin til þess að á þeim grunni verði veitt byggingarheimild með fyrirvara um að húsið verði staðsett a.m.k. í 30 metra fjarlægð frá vegi.

Fyrir liggur umsókn dags. 29.01.2024 um byggingarheimild fyrir 37,6 m² geymslu á sumarbústaðalandinu Brennuhóll L235139 í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps bendir á að samkvæmt kröfum 5.3.2.5. gr.

skipulagsreglugerðar í lið d skal ekki utan þéttbýlis staðsetja íbúðar- eða frístundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Aðrar byggingar skal ekki staðsetja nær stofn- og tengivegum og öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Heimilt er að víkja frá þessum ákvæðum þegar um er að ræða verslunar- og þjónustubyggingar. Að mati nefndarinnar telst umsótt bygging til annarra bygginga í skilgreiningu reglugerðarinnar en þó ekki til verslunar- og þjónustubygginga og ætti því að vera staðsett í það minnsta í 50 metra fjarlægð frá skilgreindum héraðsvegi. Sveitarstjórn bendir þó á að fyrir liggur undanþága vegna fjarlægðar frá Arnarhólsvegi vegna tveggja íbúðarlóða í landi Syðri-Gegnishóla þar sem byggingarreitir eru skilgreindir í 30 metra fjarlægð frá vegi. Auk þess eru öll hús að Syðri-Gegnishólum töluvert nær vegi nú þegar. Að mati sveitarstjórnar er eðlilegt að horfa til þess við útgáfu byggingarheimildar vegna umsóttar geymslu að nú þegar hefur verið veitt heimild fyrir uppbyggingu nær vegi fyrir íbúðarhús á grundvelli undanþágu innviðaráðuneytisins frá 1. september 2022. Á þeim grunni samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps að verði veitt byggingarheimild með fyrirvara um að húsið verði staðsett a.m.k. í 30 metra fjarlægð frá vegi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

h) **Bitra land L200842; Landbúnaðarlóðir; Hótel og smáhýsi; Deiliskipulag – 2307047**

Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til svæðis Bitru lands L200842. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á fjórum landbúnaðarlóðum og fjórum verslunar- og þjónustulóðum. Á landbúnaðarlóðunum er gert ráð fyrir heimild fyrir íbúðarhúsi og

aukahúsi s.s. gestahúsi, gróðurhúsi, hesthúsi og/eða geymslu/skemmu. Á verslunar- og þjónustulóðunum er gerð ráð fyrir heimild fyrir allt að 100 herbergja hóteli með gistirými fyrir allt að 200 gesti. Enn fremur er gert ráð fyrir um 30 smáhýsaeiningum að 70 fm þar sem geti gist allt að 120 gestir. Nýtingarhlutfall lóða á svæðinu má ekki fara umfram 0,05. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan breytingar á aðalskipulagi sem samþykkt er til auglýsingar samhliða.*

Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til svæðis Bitru lands L200842. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á fjórum landbúnaðarlóðum og fjórum verslunar- og þjónustulóðum. Á landbúnaðarlóðunum er gert ráð fyrir heimild fyrir íbúðarhúsi og aukahúsi s.s. gestahúsi, gróðurhúsi, hesthúsi og/eða geymslu/skemmu. Á verslunar- og þjónustulóðunum er gerð ráð fyrir heimild fyrir allt að 100 herbergja hóteli með gistirými fyrir allt að 200 gesti. Enn fremur er gert ráð fyrir um 30 smáhýsaeiningum að 70 fm þar sem geti gist allt að 120 gestir. Nýtingarhlutfall lóða á svæðinu má ekki fara umfram 0,05. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði. Uppfærð gögn bárust eftir bókun skipulagsnefndar þar sem búið er að samræma gögn á milli framlagðs deiliskipulags og breytinga á aðalskipulagi sem lagt er fram samhliða varðandi stærð landbúnaðarsvæðis. Einnig bendir sveitarstjórn á að mikilvægt sé að hús séu ekki byggð á sýnilegum og þekktum jarðskjálftasprungum innan skipulagssvæðisins. Þá tekur sveitarstjórn undir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um að taka skuli tillit til sérstaks verndargildis Þjórsárhrauns skv. 61. gr. náttúruverndarlaga við uppbyggingu en hraunið er víða sýnilegt og órsaskað á skipulagssvæðinu.

Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan breytingar á aðalskipulagi sem samþykkt er til auglýsingar samhliða.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

i) **Bitra land L200842; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2302064**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bitru lands L200842 í Flóahreppi eftir kynningu. Alls er um að ræða um 43 ha land sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og um 21 ha lands frístundabyggð (F21). Í breytingunni felst að 30 ha af svæðinu verði skilgreindir sem landbúnaðarsvæði og um 13 ha verslunar- og þjónustusvæði. Markmiðið er að fjölga íbúum sveitarfélagsins og þar með nýta betur þá þjónustu og innviði sem fyrir eru s.s. vegakerfi og veitur. Einnig að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja búa í dreifbýli á stórum lóðum með möguleika á aðstöðu fyrir t.d. hesta, trjárækt o.þ.h. Þá sé markmiðið með verslunar- og þjónustulóðum að auka kosti í þjónustu og ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Á staðnum verði miðað að því að þar verði hægt að taka á móti stærri hópum í einu en skortur sé á slíkri aðstöðu í sveitarfélaginu. Samhliða er lagt fram deiliskipulag sem tekur til svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Bitru lands L200842 verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bitru lands L200842 í Flóahreppi eftir kynningu. Alls er um að ræða um 43 ha land sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og um 21 ha lands frístundabyggð (F21). Í breytingunni felst að 30 ha af svæðinu verði skilgreindir sem landbúnaðarsvæði og um 13 ha verslunar- og

þjónustusvæði. Markmiðið er að fjölga íbúum sveitarfélagsins og þar með nýta betur þá þjónustu og innviði sem fyrir eru s.s. vegakerfi og veitur. Einnig að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja búa í dreifbýli á stórum lóðum með möguleika á aðstöðu fyrir t.d. hesta, trjárækt o.þ.h. Þá sé markmiðið með verslunar- og þjónustulóðum að auka kosti í þjónustu og ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Á staðnum verði miðað að því að þar verði hægt að taka á móti stærri hópum í einu en skortur sé á slíkri aðstöðu í sveitarfélaginu. Samhliða er lagt fram deiliskipulag sem tekur til svæðisins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Bitru lands L200842 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Nr. 275, dags. 28.02.2024

a) Skálmholt land L186111; Lóð fyrir spennistöð; Deiliskipulagsbreyting – 2402046

Lögð er fram beiðni um óverulega breytingu á deiliskipulagi Skálmholts. Í breytingunni felst skilgreining á lóð fyrir spennistöð innan skipulagsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Fyrir liggur beiðni um óverulega breytingu á deiliskipulagi Skálmholts. Í breytingunni felst skilgreining á lóð fyrir spennistöð innan skipulagsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa nr. 198, dags. 07.02.2024 og nr. 199, dags. 21.02.2024

Lagðar fram til kynningar.

3. Ósk um nýtt staðfang og stofnun lóða; Egilsstaðir 1 L211449; Suðurgaffall og Skógarlundur

Fyrir liggur, að nýju, ósk um nýtt staðfang og stofnun lóða úr landi Egilsstaða 1 L211449. Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins á fundi sínum þann 9. nóvember 2021. Lóðarblöð hafa verið uppfærð og taka nú mið af þeim athugasemdum sem gerðar voru um skráningu staðfanga.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir stofnun framlagðra lóða og að lóðirnar fái staðföngin Skógarlundur 1-4 skv. fyrirbyggjandi lóðarblöðum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Umsagnarbeiðni vegna breytinga á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036

Fyrir liggur umsagnarbeiðni um mál nr. 0184/2024 í skipulagsgátt vegna aðalskipulags Árborgar 2020-2036 – Breytingar á aðalskipulagi 2024 en kynningartími er til 26. mars 2024. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Notkun félagsheimila í Flóahreppi 2023

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps kallaði eftir samantekt á notkun félagsheimilanna Þingborgar og Félagslundar fyrir árið 2023. Einnig hvatti nefndin sveitarstjórn til að taka umræðu um framtíðarnotkun og hlutverk félagsheimilanna svo að hægt sé að taka ákvarðanir um fjárfestingar og viðhald í samræmi við það.

Sveitarstjóri hefur tekið saman tölur úr óendurskoðuðu bókhaldi sveitarfélagsins 2023 og útrá gögnum frá gjaldkera Flóahrepps vegna útsendra reikninga og innri notkunar (innri húsaleigu). Fyrir liggur minnisblað sem unnið var af sveitarstjóra fyrir fund sveitarstjórnar vegna notkunar

félagsheimila 2023 en þar koma fram skýringar á notkun, skilgreiningu á innri húsaleigu og samantekt á leigutekjum, rekstrarkostnaði og framkvæmda- og viðhaldskostnaði.

Sveitarfélagið nýtir Þingborg fyrir lögbundna starfsemi allt árið um kring svo sem vegna lögbundinnar íþróttakennslu í grunnskóla og hreyfistunda í leikskóla ásamt því að skrifstofa og stjórnarsýsla sveitarfélagsins nýtir hluta hússins. Aukalega við lögbundin verkefni sveitarfélagsins er húsið nýtt skv. samstarfssamningum af kvenfélögum og Ungmennafélaginu Þjótanda ásamt öðrum innansveitar félagasamtökum svo sem kirkjukór. Viðburðir á vegum sveitarfélagsins hafa einnig verið haldnir í húsinu ásamt ýmsum fundum. Ofangreint flokkast sem innri húsaleiga. Að auki er húsið leigt út m.a. fyrir veislur, fundahöld, þorablót, ættarmót og gistingu. Leigutekjur í Þingborg voru 9.675.836 kr á árinu 2023. Reiknuð innri húsaleiga er 22.610.028 kr. Skráð notkun vegna innri leigu eru alls 2941,5 klst. Launakostnaður, vörukaup og önnur þjónustukaup voru alls 23.165.830 kr.

Félagslundur er nýttur skv. samkomulagi af kvenfélögum og Ungmennafélaginu Þjótanda undir glímuæfingar hluta úr ári og staka viðburði svo sem Flóahlaupið. Einnig hafa önnur innansveitar félagasamtök aðgengi að húsinu og var um einn slíkan fund að ræða á árinu 2023. Sveitarfélagið nýtti húsið undir árshátíð og menningartengdan viðburð að hausti en ekki var um neina fasta notkun vegna lögbundinnar starfsemi sveitarfélagsins að ræða. Húsið er líkt og Þingborg m.a. leigt út fyrir veislur, fundahöld, þorablót, ættarmót og gistingu. Leigutekjur í Félagslundi voru 2.412.066 kr. Reiknuð innri húsaleiga er 11.246.748 kr. Skráð notkun vegna innri leigu eru alls 81 klst. Launakostnaður, vörukaup og önnur þjónustukaup voru alls 9.756.386 kr.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur ljóst að notkun á Þingborg og Félagslundi er mjög ólík og á það við um notkun vegna lögbundinnar starfsemi sveitarfélagsins og vegna útleigu sem veita tekjur sem er mun meiri í Þingborg en Félagslundi. Rekstrarkostnaður og viðhaldskostnaður er töluverður á hverju ári vegna félagsheimilanna og tekur sveitarstjórn undir ábendingu framkvæmda- og veitunefndar varðandi mikilvægi þess að skilgreina hlutverk og framtíðarnotkun félagsheimilanna til hægt sé að taka skynsamar ákvarðanir um ábyrga ráðstöfun fjármagns úr sveitarsjóði vegna frekari fjárfestinga og viðhalds í húsunum. Ljóst er að framundan er kostnaðarsöm uppbygging í sveitarfélaginu á næstu árum vegna fjölgunar íbúa og áhuga á svæðinu. Frekari uppbygging við Flóaskóla er komin í ferli og ljóst að ekki er langt í að auka þurfi rými í leikskóla. Að auki er stefnt að framkvæmdum vegna íbúðabyggðar við Þingborg og huga þarf að kostnaðarsamri uppbyggingu á innviðum líkt og vatnsveitu. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram fyrir næsta fund sveitarstjórnar og afla frekari gagna um notkun, kostnað, framkvæmda- og viðhaldsþörf. Sú greining nái yfir félagsheimilin Félagslund og Þingborg og einnig Gömlu Þingborg sem sveitarfélagið leigir út til einkaaðila. Frekari ákvarðanir sveitarstjórnar um hlutverk og framtíðarnotkun þessara fasteigna munu byggja á þeirri greiningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Erindi frá Bjarka Traustasyni f.h. Félags lóðaeigenda í Mörk og Merkurhrauni – Styrkur vegna veghalds

Fyrir liggur, að nýju, fyrirspurn frá Bjarka Traustasyni f.h. Félags lóðaeigenda í Mörk og Merkurhrauni þar sem óskað er eftir styrk vegna veghalds á veghlutanum sem liggur frá Skeiðavegi og inn að gámasvæði innan sumarhúsasvæðisins, í heild 500 metra. Óskað er eftir því að veittur verði styrkur til kaupa á tveimur bílum af efni sem myndi nýtast við planið við gámana og aðeins inn veginn. Áætlað verð fyrir tvo bíla er um 90 þúsund krónur samkvæmt erindi.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi. Sveitarstjórn ákvað við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2024 að veita ekki styrki til veghalds á árinu og á það við um vegi í frístundabyggðum sem og héraðsvegi sem liggja að íbúðarhúsum með lögheimilisskráningu. Sveitarstjórn hafnar því innsendri ósk um styrk til veghalds skv. innsendu erindi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Fulltrúi í Öldungaráð Uppsveita og Flóa

Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu málsins. Helena Hólm er varamaður í Öldungaráði Uppsveita og Flóa og tekur sæti eftir þörfum þar til aðalmaður verður kjörinn af sveitarstjórn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Erindi frá FOSS stéttarfélagi í almanna þjónustu – Boð um þátttöku í sveitarfélagi ársins

Fyrir liggur erindi frá formanni FOSS stéttarfélagi í almanna þjónustu um boð um þátttöku í könnuninni Sveitarfélag ársins 2024. Flóahreppur var í þriðja sæti í könnuninni Sveitarfélag ársins árið 2022 en tók ekki þátt árið 2023. Kostnaður við þátttöku er 182.000 kr án vsk. Sveitarstjórn hafnar þátttöku í könnuninni Sveitarfélag ársins 2024 og felur sveitarstjóra að upplýsa FOSS um ákvörðun sína.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Erindi frá Ólafi Sveini Gíslasyni – Ósk um stuðning vegna verkefnisins „Undirliggjandi minni“

Fyrir liggur erindi frá Ólafi Sveini Gíslasyni þar sem óskað er eftir stuðningi vegna verkefnisins „Undirliggjandi minni“. Lýsing á verkefninu fylgdi fundargögnum. Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi. Sveitarstjórn telur verkefnið hafa menningarlegt gildi fyrir samfélagið í Flóahreppi og samþykkir að veita verkefninu stuðning með aðgangi að félagsheimilinu Félagslundu á nokkurra vikna tímabili haustið 2024 gegn fastri umsaminni dagsleigu fyrir þann tíma sem leigan varir. Leigjandi sér um helstu þrif og umsjón í húsinu á meðan á leigu stendur í samráði og samvinnu við húsvörð. Sveitarfélagið er einnig reiðubúið að styðja við kynningu á þessari opinberu sýningu með því að nýta miðla sveitarfélagsins til að auglýsa. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi vegna leigu og annarra þátta sem að verkefninu snúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 293, dags. 06.02.2024

b) Íþróttá-æskulýðs og menningarnefndar nr. 9, dags. 02.02.2024

c) Fræðslunefndar nr. 148, dags. 20.02.2024

Sveitarstjórn vill koma á framfæri ánægju sinni með samstarfsverkefni skólans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem 25 nemendur í langspilsverkefninu spiluðu á tónleikum í Hörpu í febrúar og munu koma fram á fleiri tónleikum á vormánuðum. Sveitarstjórn lýsir einnig yfir ánægju með takmörkun á símanotkun nemenda í Flóaskóla sem tók gildi í febrúar og vonar að þetta hafi jákvæð áhrif á skólabrag og samskipti nemenda.

d) Framkvæmda- og byggingarnefndar Flóaskóla nr. 2, dags. 14.02.2024

Varðandi lið 1 í fundargerð þá leggur sveitarstjórn áherslu á að haldið sé sérstaklega utanum verkefni vegna framkvæmda við Flóaskóla sem Börkur Brynjarsson ráðgjafi tekur að sér. Þau verkefni eru viðbót við umsamin verkefni og tímafjöldi í verksamningi á milli Flóahrepps og ráðgjafa á árinu 2024.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 5 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn að innanhússbreytingar verði fullkláraðar á árinu 2024 og þær hugsaðar til framtíðar. Undirbúningur og hönnun á viðbyggingu taki svo við.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 6 í fundargerð þá leggur sveitarstjórn áherslu á að eftir þann fund liggi fyrir lokaniðurstöður á innanhússbreytingum þannig að hægt sé að setja gera magnskrá og verðkönnun samhliða því að teiknað verði endanlegt útlit og önnur hönnun vegna breytinganna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 19, dags. 28.02.2024

Varðandi lið 3 í fundargerð, kynding í Félagslundu, þá samþykkir sveitarstjórn að leið 1 verði valin. Í fjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir 3,5 milljónum í að laga kyndingu í Félagslundu og því rúmast þessi leið innan gildandi fjárhagsáætlunar. Er þessi ákvörðun tekin í samhengi við bókun undir lið 5 hér að ofan.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 4 d) þá tekur sveitarstjórn jákvætt í að skoða möguleika á breytingum á Þingborg til að auka notagildi hússins fyrir lögbundna starfsemi sveitarfélagsins. Framkvæmda- og veitunefnd falið að skoða málið áfram m.t.t. möguleika og kostnaðar á hugsanlegum breytingum svo sem stækkun á gólfleti á sal, nýju íþróttagólfi og annað sem gæti aukið notagildi hússins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- f) Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar nr. 6, dags. 22.02.2024

Varðandi lið 1 í fundargerð þá bendir sveitarstjórn bendir á að 9. maí er Uppstigningardagur.

Varðandi lið 2 þá þakkar sveitarstjórn fyrir góða punkta inn í umræður um úrgangsmál í landbúnaði og verður tekið tillit til þeirra í kynningu og umræðum á íbúafundi þann 26. mars næstkomandi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 3 í fundargerð þá bendir sveitarstjórn á að undirbúningur á styrkingu á dreifikerfi á árinu 2024 er hafinn af hálfu RARIK. Sjá nánar undir lið 11 l) í fundargerð. Einnig er vísað í svarbréf forstjóra RARIK vegna bókkunar sveitarstjórnar Flóahrepps frá 15. ágúst 2023 þar sem farið er yfir nýlegar styrkingar og áætlaða lagningu jarðstrengja á árunum 2024 og 2025. Framkvæmda- og veitunefnd bókaði um afhendingaröryggi vatns í langtíma rafmagnsleysi og/eða almannavarnarástandi á fundi sínum þann 19. febrúar 2024 og er það mál í skoðun. Sveitarstjóra falið að senda erindi á RARIK varðandi útfærslu á tilkynningum vegna straumrofs eða bilana.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- g) Samráðsfundur vegna úrgangsmála í landbúnaði dags. 14.02.2024

Sveitarstjóri og oddviti boðuðu formenn búnaðarfélaga í sveitarfélaginu ásamt rekstrarstjóra Íslenska gámafélagsins til samráðsfundar um úrgangsmál í landbúnaði. Tekið verður tillit til niðurstöðu samráðsfundar á íbúafundi þann 26. mars næstkomandi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- h) Vegna samvinnu um kaldvatnsöflun úr Kaldárhöfða dags. 08.01.2024

- i) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings dags. 13.02.2024

Varðandi lið 6 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps fyrir sitt leiti að Sigríður Kolbrún Oddsdóttir, Grímsnes- og Grafningshreppi, verði formaður Öldungaráðs Uppsveita og Flóa og að Þröstur Jónsson, Hrunamannahreppi, verði varaformaður.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- j) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 105, dags. 14.02.2024

- k) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 16, dags. 18.01.2024

- l) Framkvæmdaráðs Almannavarna Árnessýslu nr. 4, dags. 08.02.2024

- m) Stjórnar Fræðslunetsins nr. 159, dags. 05.02.2024

- n) Stjórnar SASS nr. 606, dags. 02.02.2024

- o) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 942, dags. 26.01.2024, nr. 943, dags. 09.02.2023 og nr. 944, dags. 23.02.2024

- p) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 233, dags. 12.02.2024

11. Efni til kynningar

- a) Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum

- b) Bréf frá Forsætisráðuneytinu frá 5. febrúar 2024 – 80 ára afmæli lýðveldisins Sveitarstjóra falið að kynna bréfið fyrir félagasamtökum í sveitarfélaginu og að hvetja til þátttöku á einn eða annan hátt í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldisins í ár. Sveitarstjórn samþykkir einnig að veglega verði staðið að hátíðardagskrá í sveitarfélaginu í tilefni afmælisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- c) Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu frá 7. febrúar 2024

- d) Minnisblað frá Matvælaráðuneytinu frá 14. febrúar 2024 – Regluverk um búfjarbeit

Sveitarstjóra falið að skoða þau atriði sem ráðuneytið bendir á í bréfinu útfrá sjónarhorni Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- e) Bréf frá Óbyggðanefnd frá 12. febrúar 2024
 - f) Bréf frá Landi og skógi frá 27. febrúar 2024
- Sveitarstjórn bendir á að hyggi aðilar á landnotkun sem stangast á við skipulag er ávallt fyrsta skref að senda fyrirspurn á skipulagsfulltrúa sveitarfélags sem hefur leiðbeiningaskyldu í þeim málum. Sveitarstjórn Flóahrepps leggur áherslu á að ræktun birkiskóga lúti sömu skilyrðum og önnur skógrækt í skipulagi. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að taka saman minnisblað um málið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- g) Frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun – Stofnframlög vegna fjölgunar íbúða
- h) Tilnefning til Landstólpans 2024
- i) Frá Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum – Málþing um stöðuna í orkumálum 15. mars 2024
- j) Frá Lánasjóði sveitarfélaga – Fundarboð aðalfundar 14. mars 2024
- k) Stóri Plokkdagurinn 28. apríl 2024
- l) Frá Vegagerðinni: Leyfisveiting vegna leiðslu og vinnu á vegsvæði Hringvegur (1-d2), Oddgeirshólavegi (304-01) og Ármótavegi (3040-01)
- m) Bréf frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála frá 29. febrúar 2024
- n) Ársskýrsla Ungmennafélagsins Þjótanda 2023
- o) Ársskýrsla Seyruverkefnisins 2023
- p) Auglýsing vegna íbúafundar í Félagslundi 26. mars 2024
- q) Frá Innviðaráðuneyti: Drög að borgarstefnu í samráðsgátt stjórnvalda
- r) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Ný umsagnagátt hjá Alþingi
- s) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Til umsagnar 112. mál – frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (greiðsla meðlags)
- t) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Til umsagnar 115. mál – Búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum
- u) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 9. apríl kl. 16:00 í Þingborg.

12. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)